

153 hafa nokkurn hagnað af þeim, en af því megi aptur álykta, að umbódsstjórnin sje rjett-
 16. sept. bær til innan takmarka þeirra, sem lög 27. febr. þ. á. setja, að ráðstafa þeim upphæð-
 um, sem eiga að renna í landssjóð frá hinum stærrri prestaköllum, þegar þau verða laus,
 á sama hátt og fje því, sem veitt er í fjárlögnum til bráðabirgðauppþótar fátækustu
 brauðnum.

Út af þessu vill ráðgjafinn þjónustusamlega tjá yður, herra landshöfðingi, til
 þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að þar eð veitt er í fjárlögnum tiltekin upp-
 hæð 700 kr. fyrir fjárhagstímabilið til bráðabirgðauppþótar fátækustu brauðum á Íslandi,
 verður ráðgjafinn að vera á þeirri skoðun, að eigi sje heimild til að greiða úr landssjóði
 frekari uppþótar í þessum tilgangi, og þar eð það í þessu efni ekki getur gjört neina
 breytingu, að hinar umræddu 1300 kr. eru fengnar landssjóði til handa með því að
 rýra tekjur hinna tveggja framannefndu prestakalla, sem laus eru í ár, þá verður ráð-
 gjafanum að þykja það ísjárvert að leyfa, að hinni nefndu upphæð sje varið á þann
 hátt, sem farið er fram á.

154 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eptirlaun presta.* —
 16. sept. Hinn 9. júlí síðastliðna hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað brjef frá biskupinum
 yfir Íslandi, þar sem hann hefir tekið fram þær ástæður, sem hann ætlar að mæli
 með því, að 2. gr. í lögum frá 27. febrúar þ. á. um eptirlaun presta eigi að skiljast á
 þann hátt, að þegar eptirlaun presta sjeu útreiknuð, skuli þau ár, sem hann kunni að
 hafa þjónað sem aðstoðarprestur, reiknast með honum í hag sem þjónustuár. Gæti þessi
 skilningur ekki komizt að, hefir biskupinn farið þess á leit, að frumvarp í slíka átt yrði
 lagt fyrir næsta alþingi.

Við þetta tækifæri hafð þjer látið það álit yðar í ljósi, að það hvorki muni vera
 samkvæmt almennum grundvallarreglum nje hinum ofannefndu ákvörðunum eptirlauna-
 laganna, að telja þann tíma sem hlutaðeigandi prestur hefir þjónað sem aðstoðarprestur
 sem einn hluta af embættistíma hans, þegar ákveða skal eptirlaunin, þar eð hann, meðan
 hann var í aðstoðarprestsstöðu, ekki hafi getað skoðast sem embættismaður í eiginlegum
 skilningi, en eptirlaunarjetturinn sje þó einmitt bundinn við það. Þar sem því sjerstaka
 lagaheimild þurfi til, að reikningsaðferð þeirri, sem að ofan er bent á, verði fylgt, hafð
 þjer mælt með þeirri tillögu biskups, að slík lagaheimild verði útveguð.

Út af þessu skal eigi á frest slegið þjónustusamlega að tjá yður, herra lands-
 höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn verður að vera
 yður samdóma um, að í eptirlaunalögnum frá 27. febr. þ. á. sje engin heimild til að
 reikna með þau ár, sem sá eða sá prestur hefir þjónað sem aðstoðarprestur, þegar til á-
 lita kemur um eptirlaun hans, en að hins vegar finnist engin ástæða til að fá lögnum
 breytt í þá átt, sem mundi vera gagnstæð þeim grundvallarreglum, sem almennt er farið
 eptir við útreikning eptirlauna handa embættismönnum.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 25. október var presturinn að Blöndudalshólum sira Markús Gíslason skipaður
 prestur að Fjallalþingum: Víðirhóls og Möðrudalssóknum í Suður-Þingeyjar prófastsdæmi frá fardögum
 1881 að telja.